

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður Ólafur Kjartan Ólafsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga og greiði 2000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 65 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður Axel Ármann Þorsteinsson greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. desember 1938.

Nr. 20/1938. **Tryggvi Einarsson**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins og gagnsök,

(Theodór B. Lindal)

Lárusi Jóhannessyni f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S, Oslo, og gagnsök og

Gunnari Sigurðssyni og gagnsök

(Lárus Jóhannesson).

Synjað um framkvæmd innsetningargerðar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. febrúar þ. á. og krafizt þess, að úrskurður fúgetaréttarins verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fúgetann að framkvæma hina umbeðnu innsetningargerð. Svo krefst hann og, að aðal-

stefndir, Paul Smith f. h. Bergenska gufskipafélagsins, Lárus Jóhannesson f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S og Gunnar Sigurðsson, verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir fógetaréttinum og hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnstefnandi Paul Smith f. h. Bergenska gufskipafélagsins hefir áfrýjað málinu með stefnu 5. marz þ. á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir fógetaréttinum að skaðlausu eftir mati hæstaréttar. Ennfremur krefst hann, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara að gagnstefnendurnir Lárus Jóhannesson f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S og Gunnar Sigurðsson verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnstefnendur Lárus Jóhannesson f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S og Gunnar Sigurðsson hafa lagt málið til hæstaréttar með stefnu 22. febrúar þ. á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þó með þeirri breytingu, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir fógetaréttinum eftir mati hæstaréttar. Þeir krefjast þess einnig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti að skaðlausu eftir mati dómsins.

Með því að aðaláfrýjandi bauð ekki fram í norskum krónum kaupverð refs þess, er frá segir í málinu, eigi síðar en samtímis því að hann krafðist þess, að afgreiðslumenn Bergenska gufuskípafélagsins fengi honum refinn í hendur, þá verður þegar af þeirri ástæðu að staðfesta úrskurðinn að því er

varðar synjun á framkvæmd innsetningargerðarinnar.

Eins og málum er háttað, þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins kr. 100.00 í málskostnað fyrir fógetarétti og hæstarétti og að gagnáfrýjandi Lárus Jóhannesson f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S greiði gagnáfrýjanda Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins kr. 100.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, en að öðru leyti falli málskostnaður fyrir fógetaréttinum og fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður að því er varðar synjun á framkvæmd hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Aðaláfrýjandi, Tryggi Einarsson, greiði gagnáfrýjanda Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins kr. 100.00 í málskostnað fyrir fógetarétti og fyrir hæstarétti og gagnáfrýjandi Lárus Jóhannesson f. h. Oslo Pelsdyropdrett A/S, Oslo, greiði gagnáfrýjanda Paul Smith f. h. Bergenska gufuskipafélagsins kr. 100.00 í málskostnað fyrir hæstarétti, en að öðru leyti á málskostnaður fyrir fógetarétti og fyrir hæstarétti að falla niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 10. febr. 1938.

Í máli þessu hefir gerðarbeiðandi farið þess á leit, að hann verði settur inn í umráðarétt yfir silfurref, Oslo 170

K., sem er í vörzlum afgreiðslu Bergenska gufuskipafélagsins hér í bæ, en það hefir neitað að afhenda umræddan silfurref, og jafnframt hafa þeir Gunnar Sigurðsson, Gunnarshólma, og sendandi silfurrefs þessa gengið inn í málið og mótmælt því, að gerð þessi næði fram að ganga, og lögðu aðiljar atriðið undir úrskurð fógætaréttarins.

Málavextir samkvæmt hinum framlögðu skjölum virðast vera þeir, að í svarbréfi Oslo Pelsdyropdrett A/S til gerðarbeiðanda, dags. 11. okt. f. á., eru honum boðin kaup á refum, þar á meðal Oslo 170 K. Í bréfi þessu er jafnframt tekið fram, að kaupverðinu skuli deponera í Vestlandsbanken, Bergen, áður en dýrin eru send, og að greiðslan fari fram gegn afhendingu farmskirteinisins. Þann 28. s. m. samþykkir gerðarbeiðandi kaup á Oslo 170 K. í símskeyti til seljanda. Samdægurs sendir seljandi gerðarbeiðanda svarskeyti, þar sem tilkynnt er, að umræddur refur verði sendur 11. nóvember f. á. gegn opnun rembours í síðasta lagi 5. s. m., en á þessu tímabili gekk í gegn útflutningsbann í Noregi á silfurrefum, og var því ekki unnt að flytja út ref þenna á hinum tiltekna tíma, og var heldur ekki opnaður rembours sá, er til var ætlað.

Í símskeyti landbúnaðarráðuneytisins hér til landbúnaðarráðuneytisins í Noregi, dags. 1. nóv. f. á., eða rétt eftir að útflutningsbannið gekk í gildi, er farið fram á undanþágu til útflutnings þessa silfurrefs, og var því upphaflega synjað, en síðar veitt, og mun útflutningsleyfið hafa verið veitt á nafn gerðarbeiðanda, og mun honum hafa verið kunnugt um þetta í kringum miðjan desember f. á., án þess þó að séð verði, að nokkrar tilkynningar hafi farið fram um þetta milli gerðarbeiðanda og sendanda silfurrefsins. Hinsvegar er upplýst, að þeir hafi talast við um þetta, gerðarbeiðandi og ráðunautur ríkisstjórnarinnar í loðdýrarækt, án þess þó að upplýst sé, að gerðarbeiðandi hafi þá látið í ljósi nokkra tilhneigingu til þess að fá refinn. Hinsvegar tilkynnir ráðunauturinn O. P. með bréfi dags. 17. desember f. á., að hann hafi fundið kaupanda að umræddum silfurref, en það er meðalgöngumaðurinn Gunnar Sigurðsson, og tilkynnir jafnframt, hvernig greiðslan fari fram, og væntir þess, að hún komi það snemma, að refurinn geti farið með fyrstu ferð Lyrú eftir nýjár. Um svipað leyti og þetta bréf var sent sigldi gerðarbeiðandi til útlanda og kemur

til Oslo, að því er ætla verður af því, sem fram kemur í málinu, 27. eða 28. des. f. á., og átti hann þá viðtal við seljanda, án þess þó að bjóða fram greiðslu, en hinsvegar upplýst, að honum var þá kunnugt um, að silfurrefur þessi var greiddur af öðrum manni, en að öðru leyti er ekkert sannað um það, hvað þeim hafi farið í milli. Um sama leyti, eða 27. þ. m., sendir seljandi silfurrefsins simskeyti til ráðunautsins með fyrirspurn um það, hvort ekki megi senda refinn á nafn gerðarbeiðanda, þar sem útflutningsleyfið sé á hans nafn. Svar viðtakanda simskeytis þessa mun hafa verið á þá leið, að bezt væri að senda refinn Loðdýraræktarfélagi Íslands, en annars gerðarbeiðanda. Mun svo refur þessi hafa verið sendur með e/s Lyra í janúarbyrjun þ. á. samkvæmt farmskirteini, útgefnu 6. janúar, á nafn gerðarbeiðanda, og þegar er hingað kom varð ágreiningur um það, hver skyldi fá refinn. Hefir gerðarbeiðandi haldið því fram, að með því að farmskirteinið væri í sínum höndum ætti hann heimtingu á að fá refinn afhentan, en gerðarþoli hefir hinsvegar samkvæmt fyrirskipun sendanda neitað afhendingu hans, og meðalgöngumaðurinn Gunnar Sigurðsson, sem bæði hefir greitt refinn sjálfan og sömuleiðis toll af honum, hefir einnig mótmælt afhendingunni á þeim grundvelli, að hann væri sjálfur eigandi hans.

Yfirleitt er erfitt að gera sér ljósa grein fyrir málavöxtum frá þeim tíma, að útflutningsundanþágan er fengin, og þar til silfurrefur þessi kemur hingað, og viðskipti aðilja á þessu tímabili harla einkennileg, og þykir ekki fært eftir þeim gögnum, er fyrir liggja, að setja gerðarbeiðanda, þótt hann hafi í höndum farmskirteinið yfir umræddan silfurref, með einfaldri innsetningargerð inn í umráðarétt hans gegn eindregnum mótmælum sendanda, þar sem og að upplýst er, að handhafi farmskirteinisins hefir ekki innt kaupverð silfurrefsins af hendi í norskum krónum, eins og telja verður að upphaflega hafi verið ætlað til, enda getur greiðsluyfirlýsing sú, sem hér hefir komið fram fyrir réttinum, ekki talizt jafngild þessu. Greiðsla meðalgöngumannsins Gunnars Sigurðssonar er að sjálfsögðu innt af hendi á þeim forsendum, að hann verði þar með eigandi silfurrefsins, en ekki aðeins til hagsbóta fyrir gerðarbeiðanda,

enda ekki upplýst, að hann hafi mátt vænta þess, og má því ætla, að sú greiðsla kynni að vera afturkræf.

Samkvæmt þessu verður ekki séð, að unnt sé að leyfa að svo vöxnu máli framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Rétturinn sér ekki ástæðu til þess að sekta aðilja, umboðsmann gerðarbeiðanda og meðalgöngumann, fyrir hin meiðandi ummæli hvors um annan í hinum framlögðu skjölum, þar sem það virðist líkt á komið með þeim, enda í lófa lagið fyrir þá báða að koma fram sektarkröfu í sérstöku máli.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal ekki fara fram.
Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 14. desember 1938.

Nr. 110/1936. **Útibú Útvegsbanka Íslands h/f á Akureyri.** (Theodór B. Lindal)

gegn

Bjarna Vilmundarsyni og Einari Malmqvist Einarssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Sjóveð fyrir kaupkröfu. Meðalganga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem ekki var aðili í máli þessu í héraði, hefir sem meðalgöngumaður skotið því til hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1936 og hefir krafizt þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerkstur og málinu vísað frá sjódómi að því er varðar sjóveðréttarákvæði hans, en til vara, að sjóveðréttur verði